

Skýrsla Æskulýðsnefndar Blæs starfsárið 2004-2005

Í æskulýðsnefnd Blæs eru nú: Þórður Júlíusson, Halldóra Ágústsdóttir, Guðbjörg Friðjónsdóttir, Gullveig Magnadóttir og Vordís Sörensen. Nefndin er kosin árlega á aðalfundi félagsins í febrúar.

Starfsemin hófst 22. desember með því að **“Hestakrökkum”** var hleypt af stokkunum með samkomu í félagshúsi. Hestakrakkar störfuðu svo alveg fram til vors með hálfmánaðar fundum í félagshúsi og lokakvöldi 1. júní með grilli og þátttöku foreldra. Að venju hittust krakkarnir án hesta en unnið var með hestamanns- og reiðimyndina ásamt öðru skemmtilegu og samkennd hópsins þróaðist í rétta átt sem skilaði sér í reiðtúrum, keppnum og öðru æskulýðsstarfi þar sem hestarnir voru með í leiknum.

Gamlársreið Blæs tókst vel að vanda og þar tóku þátt nokkur börn og unglingar.

Unglingastarf Blæs hófst með fundi í janúar. Þetta starf náði aldrei því flugi sem vonir stóðu til en þó komu karkarnir saman nokkrum sinnum bæði með eða án hesta. Stefnir er á það að láta þetta heppnast betur á komandi ári.

Útreiðar með eldri félagsmönnum voru alla sunnudaga. Þarna var alltaf veruleg þátttaka barna og unglunga og sungið var stundum í áningu og þá upp úr “Hestablæ”, söngkverri félagsins sem gefið var út 2004 og dreift til allra félagsmanna.

Páskagleði Blæs. Þarna sýndu hestamenn hross sín án þess að um keppni væri að ræða. Börnin sýndu í einum og unglingarnir í öðrum. Þau nutu öll leiðsagnar félaga úr Blæ og skreyttu bæði sjálf sig og hestana svo úr varð skemmtileg sýning fyrir áhorfendur sem voru fjölmargir. Páskagleðinni tengdist **myndasýning** í félagshúsinu og þar komu bæði ungir og gamlir með uppáhaldsljósmyndir af sér og hestunum sínum í leik og keppni.

Reiðnámskeið– þriggja helga. Mjög vel heppnuð og þátttaka unga fólksins var afar góð. Mjög góður leiðbeinandi, Ágúst Marinó Ágústsson, náði að virkja það besta í þátttakendum og Elísabet Jansen sem leysti hann af síðustu helgina tókst einnig mjög vel upp.

Firmakeppni Blæs. Þátttaka barna og unglunga var með hefðbundnum hætti þ.e. sér riðlar fyrir þau með verðlaunum fyrir fyrstu sæti og þáttökupeningum fyrir alla.

Æskulýðsdagar. Hápunktur æskulýðsstarfsins hjá Blæ. Þriggja daga hestagaman á félagssvæðinu á Kirkjubólseyrum. Þátttaka þetta árið var hin mesta í sögu félagsins eða um 30. Leiðbeinendur voru Birna og Hólmgæir, Hólshúsum í Eyjafjarðarsveit. Krakkarnir gista á svæðinu og eru “fædd þar og klædd” með óeigingjörnu framlagi fullorðinna félaga úr Blæ.

Félagsmót Blæs. Opið mót að þessu sinni með góðri þátttöku utanfélagsmanna. Keppt í polla-, barna-, unglunga-, og ungmennaflokki auk annarra hefðbundinna flokka.

Fannardalsreiðtúr. Nýmæli í félagsstarfinu. Helgarreiðtúr þar sem hestarnir eru náttaðir í rafgirðingum eftir stuttar reiðleiðir og ekið heim til starfa og gistingar. Börn og unglingar voru í meirihluta þátttakenda.

Fjölskylduhelgi. Nýmæli sem heppnaðist afar vel. Var haldin seint í júlí og gist eina nótt í tjöldum á félagssvæðinu. Dagskráin miðaðist við samþætta skemmtun fjölskyldnanna með hestum. Helstu dagskrárliðir: Liðakeppni (boðreið, skeifnakast og könnureið), furðureið, ratleikur (tvö lið, ca. 3 klst) á hestum, reiðtúr, kvöldvaka, grill. Öll lið voru blanda af fullorðnum, unglingum og börnum. Verður klárlega einn af föstum liðum í starfsemi félagsins í framtíðinni.

Haustferð Blæs. Þriggja daga reiðtúr um “fjöll og firnindi”. Svipuð leið og sl. ár. Núna var hleypt á harða stökk á sandinum í Vöðlavík við mikinn fögnuð yngri þátttakenda. Það að hleypa á stökk er nokkuð sem virðist vera að leggjast af í útreiðarmenningu hestamanna, allavega hérna í Norðfirði.

Móttaka SAMFÉS. Blær tók á móti 10 unglingum einn laugardag (1. október) á landsmóti Félagsmiðstöðva sem haldið var í Fjarðabyggð. Allir fengu sinn hest og tveir leiðbeinendur komu frá félaginu. Mjög vel heppnað og gaman fyrir félagið að geta orðið að liði auk þess sem slík kynning kemur sér vonandi vel í framtíðinni.

Þá hefur helstu viðburðum verið gerð skil. Undirritaður vill lýsa ánægju sinni með úthlutun æskulýðsbikarsins og fullyrðir að hann hefur hvatt félagið til dáða í starfsemi sinni. Megi svo einnig verða fyrir þau félög sem á komandi árum munu verða þess heiðurs aðnjótandi að fá bikarnum úthlutað .

Með góðum æskulýðskveðjum

F.h. Æskulýðsnefndar Blæs
Þórður Júlíusson, formaður